



Staður við Grindavík. Styrkur nokkurra efna í sjó úr holu SJ-07

Magnús Ólafsson

Greinargerð MÓ-98-02



Staður við Grindavík Styrkur nokkurra efna í sjó úr holu SJ-07

Í janúar 1997 barst Orkustofnun sýni til efnagreininga úr holu SJ-07 að Stað við Grindavík. Sýnið tóku bormenn á jarðbornum Ými eftir u.þ.b. 1 klst. loftblástur úr holunni. Hiti sjávar sem upp var blásið úr holunni mældist 11°C og magn um 80 l/s. Hóla SJ-07 er 270 m á dýpt og fóðruð í 242 m.

Í sýninu voru greind nokkur efni að ósk Kristjáns Sæmundssonar og var honum gerð grein fyrir niðurstöðum jafnóðum og þær lágu fyrir.

Niðurstöður greininga þeirra efna sem voru mæld eru sýndar hér að neðan í töflu 1. Til samanburðar er þar einnig sýndur styrkur í svokölluðum "staðalsjó", sem er e.k. meðaltals efnastyrkur í sjó.

Tafla 1: Efnasamsetning vatns (mg/l)

Staður	Staður, Grindavík Hóla SJ-07	"Staðalsjó"
Númer	97-0036	
Dags.	Janúar 1997	
Leiðni ((μ s/cm)/°C)	34700/25	
Klóríð (Cl)	21430	19400
Súlfat (SO ₄)	2605	2710
Mangan (Mn)	1,31	0,0004
Járn (Fe)	0,002	0,0034
Reiknuð selta (‰)	38,7	35,0

Niðurstöðurnar sýna að sjórinn í holu SJ-07 er mun efnaríkari en "staðalsjó" og er sérstaklega áberandi hve hár styrkur mangans er. Sjórinn úr holunni er u.þ.b. 10% saltari en "staðalsjó". Einnig er SO₄/Cl hlutfall talsvert lægra, sem ásamt háum styrk Mn, sýnir að talsverð efnaskipti við basalt hafa átt sér stað. Þó má benda á að styrkur Fe hefur ekki hækkað við þessi efnaskipti.

Magnús Ólafsson

MÁ EKKI FJARLÆGJA